



Barnagirnd og barnaníð eru ekki samheiti
Stimplun og kynferðisbrot gegn börnum

Signý Rún Jóhannesdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði
Félagsvísindasvið

Barnagirnd og barnaníð eru ekki samheiti
Stimplun og kynferðisbrot gegn börnum

Signý Rún Jóhannesdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði

Leiðbeinandi: Jón Gunnar Bernburg

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2017

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Signý Rún Jóhannesdóttir 2017

Reykjavík, Ísland 2017

Útdráttur

Niðurstöður þolendarannsókna sýna að allt að 10-30% fólks um allan heim verða fyrir kynferðislegri misnotkun sem barn eða ungmenni. Á Íslandi hafa verið miklar framfarir þegar kemur að stuðningi við þolendur kynferðisbrota en ekkert bendir til þess að fjöldi þolenda fari minnkandi. Barnaníð er það frávík sem sætir mestum fordómum í vestrænum samfélögum sem gæti verið ein ástæða þess að lítið af úrræðum eru í boði fyrir fólk með barnagirnd. Í þessari ritgerð er reynt að svara því hvort fordómar og neikvæð viðhorf gagnvart barnagirnd geti verið ein afleiðing háslutfalls þolenda í brotaflokki kynferðisbrota gagnvart börnum. Til þess að svara þeirri spurningu er hugtakið *barnaníð* skoðað út frá stimplunarsjónarhorninu. Í ljós kemur að gríðarleg neikvæð viðhorf til barnaníðs hefur í för með sér að fólk með barnagirnd heldur sig frá sviðsljósinu og leitar sér síður hjálpar. Fræðimenn telja að hægt sé að draga úr kynferðisbrotum gagnvart börnum ef reynt er að hvetja fólk haldið barnagirnd til að leita sér hjálpar. Með því að efla viðhorfsbreytingu meðal almennings gangvart fólki með barnagirnd eru meiri líkur á að fólk sæki þá aðstoð sem þörf er á til að koma í veg fyrir að brot sé framið.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Efnisyfirlit	4
Inngangur	5
1. Stimplunarsjónarhornið	7
1.1 Fræðileg umfjöllun og uppruni	7
1.2 Ferli félagslegrar útskúfunar	9
1.3 Gagnrýni.....	10
2. Hvað er barnagirnd?	11
2.1 Hinu ólíku viðhorf.....	11
2.2 Barnagirnd eða barnaníð	13
2.3 Stimpillinn	14
3. Stimpilberarnir	17
3.1 Hinn launhelgi glæpur	17
3.2 Sérkennin	18
3.3 Yfirborðið	20
3.4 Formlegu barnaníðingar Íslands.....	22
4. Úrræði	24
4.1 Hvert er vandamálið?.....	24
4.2 Umfjöllun meðal almennings.....	24
4.3 Forvarnarverkefnið Dunkelfeld	25
4.4 Aðstaðan á Íslandi	26
Umræða	28
Heimildaskrá	31

Inngangur

Danska kvikmyndin *Jagten* fjallar um leikskólakennarann Lucas sem lendir í þeirri stöðu að vera ásakaður um að hafa kynferðislega misnotað fimm ára gamla dóttur vinar síns, Klöru. Myndin gerist í smábæ í Danmörku þar sem samfélagið er mjög náíð. Lucas er mjög góður í sínu starfi og nær vel til leikskólabarnanna, og er Klara þar með talin. Klara hins vegar tengist Lucasi nánari böndum að því leyti að hann er fjölskylduvinur og hefur sýnt Klöru stuðning þegar leiðinlegt andrúmsloft er á heimili Klöru. Augljóst er að Klöru þykir afskaplega vænt um Lucas og má jafnvel segja að hún sé smá skotin í honum. Einn daginn í leikskólanum stekkur Klara á Lucas og kyssir hann á munninn. Lucas bregst þannig við að segja Klöru að svona skuli hún einungis gera við foreldra sína og hálf partinn skammar Klöru fyrir kossinn. Klöru sárnar yfir þessum orðum og segir í lok dagsins við leikskólastjórann að hún hati Lucas, að hann sé ljótur og leiðinlegur og hafi rísandi typpi. Leikskólastjórinn heldur um leið að Klara sé að gefa í skyn að Lucas hafi kynferðislega misnotað hana og fer þannig að málum að Lucas verður rekinn. Í framhaldi ganga sögur af því að Lucas hafi misnotað Klöru og verður Lucas fyrir hrottalegu ofbeldi í kjölfarið. Honum er meðal annars neitaður aðgangur að matvöruverslun bæjarins og hundur hans drepinn. Lucas verður algjörlega útskúfaður og einangrar sig. Engum í samfélaginu datt í hug að heyra hlið Lucasar, ekki einu sinni besta vini hans. Segja má að myndin dragi fram bæði reiði og vorkunn meðal áhorfenda þar sem Lucas er saklaus.

Á Íslandi hefur orðið mikil framför af hálfu samfélagsins við að hlúa að þolendum kynferðisbrota sem í leiðinni hefur vakið athygli á alvarlegum afleiðingum þess (Hrefna Friðriksdóttir og Anni G. Haugen, 2014). Að hugsa til þess að einhver geti tekið þá ákvörðun að eyðileggja líf einstaklings á einu augabragði reitir almennt fólk til reiði. Kvikmyndin *Jagten* er eitt af merkjum þess að í vestrænum samfélögum ristir djúpt fordæming gegn barnaníð. Myndin hafði þau áhrif á höfund þessarar ritgerðar að spurningar fóru að vakna um áhrifamátt *barnaníðinga* stimpilsins. Atburðarás myndarinnar sýndi fram á að einungis hugmynd eða möguleiki á barnaníð getur orðið til þess að heilt samfélag telji réttlætanlegt að útskúfa einstakling með ofbeldi og einelti. Ef gera má ráð fyrir að einstaklingur sem haldinn er barnagirnd, eða sem hefur brotið gegn barni, kalli fram svipuð viðbrögð í raunverulegu vestrænu samfélagi þá er vissulega skiljanlegt að fólk sem tilheyrir slíkum hópi haldi sig fjarri sviðsljósinu. Hvaða gagn gerir það samfélaginu að fólk með kynóra gagnvart börnum lifi í vanlíðan og einangrun?

Í þessari ritgerð verður skoðað hugtakið *barnaníð* út frá hugmyndum stimplunarsjónarhornsins. Eitt markmiðanna er að komast að því hvaða viðhorf og gildi liggja að baki stimpilsins og hvað við stimpilinn kalli fram neikvæð viðbrögð samfélagsins. Gæti neikvæð viðhorf stafað af því að fólk geri ekki greinarmun milli þess að hafa geðröskunina *barnagirnd* og að vera *barnaníðingur*? Höfundur leikur einnig grunur um að neikvæð viðhorf til fólks með kynferðislegar langanir til barna geta verið einn áhrifaþáttur þess vítahrings sem samfélagið situr fast í. Þó svo að hlúið sé betur að þolendum þá eru engin merki um að hlutfall þolenda fari lækkandi. Gæti þessi neikvæðu viðhorf mögulega fælt fólk með kynóra til barna frá því að leita sér hjálpar og þar af leiðandi ýtt undir að fólk með barnagirnd brjóti frekar gegn barni?

Í fyrsta hluta ritgerðarinnar verður fjallað um stimplunarsjónarhornið, helstu kenningar og kennismiði. Notast verður við kennslubækurnar *Deviant Behaviour* eftir Goode og *Criminology* eftir Schram og Tibetts, greinar eftir Jón Gunnar Bernburg og efni kennismiðanna sjálfra. Í öðrum hluta verður gerð grein fyrir hvað barnagirnd sé og hver viðhorf til hennar eru. Notast verður við bækur er fjalla meðal annars um sögu kynferðisbrota og gamalla viðhorfa til kynlífs með börnum til að sýna fram á breytt viðhorf. Borin verður saman skilgreining *Bandaríska Geðlæknafélagsins* á barnagirnd við greinar þar sem fræðimenn benda á galla þess að útlísta barnagirnd sem geðröskun. Í lok kaflans verður síðan stuðst við gögn ýmissa rannsókna sem sýnt hafa fram á neikvæð viðhorf til fólks með barnagirnd. Í þriðja hluta þessara ritgerðar verður fjallað um þá sem bera barnaníðs stimpilinn og ýmsar rannsóknir á dæmdum barnaníðingum. Í fjórða og síðasta hluta ritgerðarinnar verður farið í gegnum þau úrræði sem gætu dregið úr fjölda (sí)brotamanna í brotaflokki kynferðisbrota gegn börnum. Til þess máls verður stuðst við umfjöllun fræðimanna á meðferð og álit stofnenda þýska forvarnaverkefnisins Dunkelfeld.

1. Stimplunarsjónarhornið

1.1 Fræðileg umfjöllun og uppruni

Á sjötta áratug tuttugustu aldar kom fram nýtt sjónarhorn sem boðaði breytta sýn á rætur frávíkshagðunar (Jón Gunnar Bernburg, 2005). Áður hafði verið horft á frávik með pösítífiskum gleraugum og því litið á frávik sem eitthvað raunverulegt, áþreifanlegt og mælanlegt athæfi sem braut í bága við ríkjandi viðmið, gildi og reglur samfélagsins (Goode, 2011). Reynt var svara því *hvers vegna sumir villast út fyrir löglegu og félagslegu mörk samfélagsins en aðrir ekki?* Gert var ráð fyrir að svörin fengjust ef notast var við vísindalegar aðferðir, hlutlægni og emperískar rannsóknir þar sem orsök hefur afleiðingu. Stimplunarsjónarhornið varpaði hins vegar ljósi á að frávik er aðstæðubundið (Goode, 2011). Ekkert athæfi, hegðun, skoðun eða einkenni eru í eðli sínu góð eða slæm, heldur ræðst skilgreining og merkimiði athæfisins af viðbrögðum samfélagsins. Viðbrögðin eru háð því hver á í hlut og við hvaða aðstæður. Skilgreining á hvað sé frávik fer til dæmis eftir kringumstæðum, menningarheimum og/eða tímum. Að drekka áfengi í samkvæmi á laugardegi er ekki það sama og að drekka áfengi undir borði í vinnunni á þriðjudegi þó í báðum tilvikum sé verið að drekka áfengi. Viðbrögð samfélagsins hafa þau völd að samfélagsleg staða og sjálfsmynd frávika breytist (Jón Gunnar Bernburg, 2005) og stimplun á sér stað. Viðhorf samfélagsins til hins stimplaða og hins stimplaða til sjálfs síns mótast svo af staðalmyndum þess hóps sem frávikið á að tilheyra.

Stimplunarsjónarhornið er sagt hafa sprottið af hugmyndafræði samskiptakenninga. Kennismiður og frumkvöðull þeirra hugmyndafræði, George Herbert Mead, talaði um mikilvæg áhrif samskipta á sjálfsmynd einstaklinga (Jón Gunnar Bernburg, 2009a). Hann vildi meina að sjálfsmynd einstaklings réðist af því að setja sig í spor þeirra sem haft er samskipti við og þannig sjá sjálfan sig frá þeirra sjónarmiði. Skoðunin sem einstaklingur hefur um sjálfan sig er því sú sem hann heldur aðra hafa um sig. Stimplunarsjónarmiðið leggur einmitt áherslu á áhrif viðhorfa og viðbragða áhorfenda á sjálfsmynd einstaklinga og skýra þannig hvernig frávik verður til og hvernig það viðhelst. Margir fræðimenn rekja upphaf stimplunarsjónarhornsins til 1938 þegar Frank Tannenbaum gaf út bókina *Crime and the Community* (Schram, 2014). Í bókinni lýsti hann því hvernig unglings vandræðageplar urðu að afbrotamönnum með formlegum refsiakvörðunum lögreglu og yfirvalda (Tannenbaum, 1938). Með formlegum refsiaðgerðum væru lögregla og yfirvöld að ýkja háttsemi vandræðagerplana

og kallaði það leikgerð illskunnar (e. dramatization of evil). Strákar sem að höfðu verið að lenda í slagsmálum, skröpa í skóla og stela eplum voru með refsingum komnir í hóp, og með sama merkimiða, og menn sem að ræna, nauðga og myrða, það er glæpamenn. Tannenbaum taldi að formlegi merkimiðinn „glæpamaður“ gæti leitt af sér neikvæða sjálfsmynd og frekari afbrotahæðun meðal ungmennanna sem áður voru einungis vandræðageplar.

Þrettán árum eftir að verk Tannenbaum kom út, árið 1951, gaf félagsfræðingurinn Edwin M. Lemert út kennslubókina *Social Pathology* sem lagði umtalsvert framlag til stimplunarsjónarmiðsins (Schram, 2014). Lemert útfærði hugmynd Tannenbaum um leikgerð illskunnar (e. Dramatization of evil) með því að gera greinarmun á fyrsta stigs fráviki og annars stigs fráviki (e. primary and secondary deviance). Lemert vildi meina að allir gerðu einhvern tímunn eitthvað sem félagsheimurinn skilgreinir sem óæskilegt eða athugavert, án þess að athæfið skilgreini einstaklinginn (Lemert, 1951). Athæfið sjálft sem kallar eftir neikvæðum viðbrögðum frá áhorfendum er það sem að Lemert kallaði fyrsta stigs frávik. Athæfið skilgreinist sem fyrsta stigs frávik á meðan að það er ekki of oft endurtekið og notast er við afsakanir til að réttlæta það. Athæfið er fyrsta stigs frávik ef það er tekið sem hluti af félagslega samþykktu og aðstæðubundnu hlutverki. Þegar athæfið er orðið svo oft endurtekið að það kalli fram viðvarandi neikvæð viðbrögð samfélagsins og að einstaklingur þurfi að takast á við viðbrögðin er athæfið orðið að annars stigs fráviki. Athæfið fer að skilgreina einstaklinginn og verður hluti af hans auðkenni. Hlutverk, sjálfsmynd og ákvarðanir mótast í kringum þetta nýja auðkenni.

Stimplunarsjónarhornið vakti athygli eftir umfjöllun Lemert og fleiri fræðimenn bættu talsvert meiru við hugmyndafræði sjónarhornsins. Erving Goffman, fræðimaður innan samskiptakenninga, gaf árið 1963 út bókina *Stigma: Notes on Management of Spoiled Identity*. Í því riti fjallar Goffman um hvernig sá stimplaði tekst á við nýtt auðkenni. Hann bendir meðal annars á að þeir stimpluðu lifa í öðrum veruleika en þeir sem ekki hafa verið stimplaðir og hvernig samskipti milli hins stimplaða og hins „óstimplaða“ eru flókin og tvíræð. Sama ár gaf félagsfræðingurinn Howard Becker (1963) út bókina *Outsiders*. Þar útskýrir Becker að stofnanir og hópar skapa frávik með því að setja lög og reglur, því við brot á lögum og reglum verður frávik. Hann vildi meina að frávik skilgreindist ekki af þeim verknað sem einstaklingur fremur, heldur væri frávik afleiðing þess hvernig aðrir beita þeim lögum og reglum sem settar eru fyrir þann sem fremur verknaðinn. Á þessum árum náði stimplunarsjónarhornið hápunkti innan

félagsfræði og var það sjónarmið sem oftast var vitnað í (Goode, 2011). Sjónarhornið sætti mikilli gagnrýni á sjöunda áratug 20. aldar og hefur ekki hlotið sömu virðingar eftir það.

1.2 Ferli félagslegrar útskúfunar

Brennimerkingin sem fylgir frávíks stimplinum getur sett af stað ferli sem leiðir til útskúfunar úr samskiptum við fólk innan samfélagsins og frá lögmætum tækifærum (Jón Gunnar Bernburg, 2009b). Í verki Link, Cullen, Struening, Shroul og Dohrenwend, er fjallaði um geðræn vandkvæði, kemur fram að stimplun dregur úr félagslegum tengslum sem og tækifærum í lífinu ekki aðeins vegna höfnunar eða útskúfunar, heldur einnig vegna þátttöku hins stimplaða í höfnuninni og hörfun hans frá hinum félagslega heimi (Jón Gunnar Bernburg, 2009a). Stimplun getur því haft í för með sér félagslega útskúfun í gegnum tvö sundurgreinandi ferli. Í því fyrri gæti samfélagið, það er jafnaldrar, meðlimir nærsamfélagsins og hliðverðir (til dæmis kennarar og vinnuveitendur) hafnað eða litið niður á hinn stimplaða (Jón Gunnar Bernburg, 2009b). Staðalímyndir af brotamönnum geta orðið að megin skilgreiningu og auðkenni hins stimplaða sem kallar fram neikvæð viðbrögð frá öðrum. Viðbrögðin einkennast af því að vera knúin áfram af hræðslu, vantrausti, sjálfréttvísi sem og hræðslu fólks við að umgangast stimplun.

Í seinna ferlinu getur stimplun leitt til þess að sá stimplaði dragi sig frá hinum félagslega heimi þar sem sá stimplaði sér fram á að þátttaka kalli fram höfnun eða lítillækkum (Jón Gunnar Bernburg, 2009b). Goffman hefur sagt að félagsleg samskipti milli stimplaðra og óstimplaðra einkennist af óróleika, óþægindum, margræðni og fátí. Óþægileg samskipti sem þessi geta leitt til þess að báðir aðilar höfði lífi sínu þannig að komast hjá slíkum óþægindum með því að umgangast ekki hvorn annan. Link o.fl. vildu meina að hinir stimpluðu gerðu sér grein fyrir þeim staðalmyndum sem að stimpillinn á að tilheyra og eiga þannig von á þeim viðbrögðum sem staðalmyndin kallar fram. Hinir stimpluðu geta sett sig í spor þeirra sem fordæma út frá staðalmyndunum og þannig ályktað hvaða viðbrögð þeir munu mæta. Hinir stimpluðu gætu trúað því að flestir muni lýta niður á sig, hafna sér og ekki treysta sér sem leiðir af sér lélega sjálfsmynd. Að gera sér grein fyrir viðbrögðunum verður til þess að sá stimplaði forðist þær aðstæður sem kallað gætu fram fordæmingu og brennimerkingu.

1.3 Gagnrýni

Stimplunarsjónarmiðið hafði notið vinsælda í um áratug þegar fram kom mikil gagnrýni sem gróf undan verðleika sjónarmiðsins (Jón Gunnar Bernburg, 2009b). Gangrýnendur sögðu stimplunarkenninguna vera óljósa, grunnfærnislega og hugmyndafræðilega. Vísindalegar rannsóknir studdu ekki þá staðhæfingu að stimplun renni stoðum undir frávíkshæðan og þar af leiðandi ekki hægt að skilgreina hugmyndina sem kenningu. Gagnrýnendum þóttu sjónarmiðið hunsa spurninguna um hvað leiddi einstaklinginn upphaflega út í frávíkshæðan og bentu einnig á að aðrir þættir gætu haft áhrif á ítrekunartíðni afbrotamanna (Goode, 2011). Að vera innan um aðra afbrotamenn gæti verið til þess að einstaklingur læri önnur gildi og þannig verði viðhorfsbreyting til samfélagslegra gilda.

Frá þeim tíma er gagnrýnin komu fram um stimplunarsjónarmiðið hafa fræðimenn bent á að sum gagnrýnin hafi ekki átt rétt á sér og hafi meðal annars einfaldað kenningar stimplunarsjónarmiðsins (Jón Gunnar Bernburg, 2009b). Peternoster og Iovanni vörpuðu til dæmis ljósi á ýmsar aðferðafræðilegar misgjörðir af hálfu rannsakenda þegar upphaflega var verið að sannreyna stimplunarkenninguna (Jón Gunnar Bernburg, 2009a). Í fyrsta lagi var notast við úrtak eingöngu formlegra stimplaðra einstaklinga, það er dæmdum eða með sakavottorð, þegar skoða átti áhrif formlegrar stimplunar. Með slíku úrtaki er ekki hægt að bera saman áhrif þess að vera formlega stimplaður og ekki stimplaður. Í öðru lagi höfðu rannsakendur ekki skoðað ferlið sem fer af stað þegar einstaklingur er stimplaður og áhrif stimpilsins á brotahegðun. Í þriðja lagi höfðu rannsakendur ekki tilgreint eða kannað hugsanleg skilyrði áhrif stimplunar. Í fjórða lagi voru flestar rannsóknirnar einungis um formlega stimpilinn á meðan áhrif óformlegra stimpilsins var varla skoðuð. Í framhaldi hafa fræðimenn leitast við að endurbæta þá vankanta sem plagað hafa rannsóknir á sviði stimplunar og útlista betur það ferli sem stimplun kann að setja á fót (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

2. Hvað er barnagirnd?

2.1 Hinu ólíku viðhorf

Barnagirnd, eða barnhneigð, er íslenska þýðingin á orðinu *paedophilia* sem er almennt notað um fólk sem hefur kynferðislega löngun til barna. Orðið *paedophilia* er upprunalega grískt orð og þýðir í raun barnavinur (Studer og Aylwin, 2006). Orðið er sett saman af hugtökunum *paedo*, sem þýðir börn, og *philia*, sem þýðir vinaleg ást eða vinátta. Í nútíma tungumálum hefur *paedophilia* (eða *pedophilia* eins og það er oftast skrifað) ekki eins saklausa merkingu og gríska orðið gefur til kynna. Orðið tók nýja merkingu þegar þýski kynlífsfræðingurinn og læknirinn Richard Krafft-Ebing skilgreindi *pedophilia* sem „kynferðislegan öfuguggahátt sem hægt væri að lækna“ í riti sínu *Psychopathia Sexualis* sem kom út árið 1886 (Janssen, 2015). Kynferðisleg löngun til barna hafði ekki áður verið sett í læknisfræðilegt samhengi og því ekki litið á sem veikleika. Eftirfarandi umfjöllun sýnir fram á að viðhorf til kynlífs með börnum eru bæði ólík og breytileg milli samfélaga og rennur hún stoðum undir þau rök innan stimplunarsjónarhornsins að frávík ræðst af gerð samfélags og viðbrögðum þess.

Sagn- og mannfræðingar telja kynlífsathæfi með börnum alls ekki vera nýtt fyrirbrigði. Í fornritum og konunglegum dagbókum finnast ýmissar sögur af fullorðnum í kynferðislegum leikjum með börnum (Janssen, 2015). Miðað við að orðið „leikur“ er notað til að lýsa því sem átti sér stað á þessum tíma má gera ráð fyrir að athæfin hafi verið álitin jákvæð og velvilja, eins og gríska orðið *paedophilia* bendir til. Í havaískum sögum kemur fram að kynlíf með börnum var gert börnunum til gagns frekar en til að fullnægja fullorðnum (Green, 2002). Viðhorf til kynlífsathæfis með börnum eru sögð hafa breyst með kristinni trú og afstöðu hennar til kynlífs (McCarthy, 2004; Thomas, 2000). Samkvæmt trúnni var kynlíf athæfi sem einungis átti að eiga sér stað innan hjónabands konu og karls. Öll kynferðisleg afbrigði voru brot á lögmálum guðs og þar með talið kynlíf með börnum. Konur voru þó í mörgum menningarheimum taldar giftingahæfar á kynproskaaldri og giftust þær oftast en ekki eldri mönnum (McCarthy, 2004). Í því samhengi skal hafa í huga að kynproski stúlkna hefst á aldrinum 10-11 ára og lýkur á aldrinum 15-17 ára (Blanchard o.fl., 2009). Samræði milli barns og fullorðins hefur sjálfsagt verið algengt í þeim skilningi að verið væri að fullkomna hjónabandið. Enn fremur var brot á lögmálum guðs að girnast annarra manna eignir en konur og börn voru þá álitin eignir karla (Thomas, 2000). Kynlíf með börnum var því ekki talið athugavert út frá þeim gildum sem miðað

er við í dag. Kynmök með börnum þótti einungis athugavert vegna þeirrar trúar að athæfið vanvirti hið heilaga hjónaband eða væri brot á eignarlögum guðs.

Í Bretlandi voru fyrstu lög er varðaði aldurstakmark á kynlífi sett árið 1285 og var lögaldur til kynlífs 10 ára en lög in voru sett í sambandi við nauðganir (Thomas, 2000). Lög in komu hins vegar börnum 10 ára og eldri lítið til varnar því menn skýlðu sér á bak við þá afsökun að þeir höfðu fengið samþykki. Lögaldurinn hélst á bilinu 10-12 ára í sex aldir eða þar til 1875 þegar hann var hækkaður í 13 ár. Lögaldurinn var þó ekki hækkaður vegna hræðslu við menn sem haldnir eru barnagirnd heldur voru breytingar gerðar í samræmi við réttindi barna á atvinnumarkaði (Green, 2002). Sett voru ný lög um vinnutíma barna í þeim tilgangi að vernda þau frá þrælahaldi. Af ótta við að þessi nýju lög myndu gera börnin aðgengilegri fyrir vændi þá var lögaldur þeirra til að stunda kynlíf hækkaður. Sökum þessara breytinga varð ákveðin vitundavakning á viðhorfum til kynlífs í vestrænum samfélögum (Thomas, 2000). Kynsjúkdómfaraldur vakti athygli á algengi þess að börn væru seld í vændi og hófst barátta um vernd og hag barna. Eftir mikil mótmæli og þrýsting frá almenningi var árið 1885 lögaldur til kynlífs í Bretlandi hækkaður til 16 ára. Fleiri Evrópulönd fóru að velta fyrir sér skaðsemi kynlífs á börn frá vísindalegu sjónarhorni sem leiðir aftur að Richard Krafft-Ebing og skilgreiningu hans á pedophilia.

Í nútíma vestrænum samfélögum er lítið á fólk sem leitar á börn með svívirðilegum augum. Ekki er lítið svo á í öllum heimshornum og hafa mannfræðingar vakið athygli á ólíkum menningarheimum sem hafa önnur viðhorf til kynlífs með börnum. Í Norður-Afríku finnst þjóðarhópurinn Siwan en í honum er kynlíf milli karlmanns og stráks ekki aðeins viðurkennt, heldur er það almennt (Green, 2002). Menn sem ekki hafa stundað kynmök með strák eru taldir afbrigðilegir og þykir eðlilegt að lána syni sína á aldrinum 12-18 í þeim tilgangi að fullnægja öðrum körlum. Meðal Aranda frumbyggjanna í mið Ástralíu er sú venja að fullorðnir menn sem ekki eru giftir taki til sín strák á aldrinum 10 eða 12 ára sem ætlað að ganga í hlutverk eiginkonu þar til sá eldri giftist (Green, 2002). Innan Etoro ættbálksins í Nýju-Gíneu hafa strákar á aldrinum 10 reglulega munnmök við eldri menn í þeirri trú að drekka sæði auðveldi þeim að vaxa úr grasi (Green, 2002). Þessi dæmi sem hafa verið nefnd er aðeins nokkur af mörgum sem mannfræðingar hafa vakið athygli á.

2.2 Barnagirnd eða barnaníð

Pedophilia, eða barnagirnd, er í dag klínísk greining sem metin er af sálfræðingi eða geðlækni (Hall og Hall, 2007). Hugtakið hefur lauslega verið notað bæði af almenningi og réttarstofnunum um fólk sem hefur verið dæmt fyrir kynferðislegt ofbeldi gegn börnum en hafa skal í huga að þetta er ekki lögfræðilegt eða afbrotafræðilegt hugtak. Í greiningariti Bandaríska Geðlæknafélagsins *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders V* (e. DSM-V) er barnagirnd flokkuð undir paraphilia sem er hugtak yfir afbrigðilegar kyntilhneingar (American Psychiatric Association, 2013). Barnagirnd er í sjálfu sér ekki talin vera geðsjúkdómur heldur geðröskun og hefur nýjasta rit DSM breytt pedophilia í *pedophilic disorder*. Uppfylla þarf ákveðin skilyrði til þess að greinast með barnagirnd og eru skilyrðin sett upp í þremur hlutum, A, B og C. Fyrst (A) þarf viðkomandi að hafa endurtekna örvandi kynóra eða langanir til barna sem ekki hafa náð kynþroska (yfirleitt 13 ára eða yngri). Hvatirnar þurfa að hafa varað í a.m.k. sex mánuði eða lengur. Á þessu tímabili (B) þarf viðkomandi að hafa sýnt af sér kynferðislega hegðun gagnvart barni eða liðið mjög fyrir þessar hvatir í formi streitu eða félagslegra örðugleika. Einstaklingurinn sem um ræðir (C) þarf að hafa náð 16 ára aldri og í það minnsta vera fimm árum eldri en barnið eða börnin sem haft er kynóra gagnvart. Greining skal þó undanskilin ef að viðkomandi á unglingsaldri er í viðvarandi kynferðislegu sambandi við 12-13 ára einstakling.

Greiningarrit Bandaríska Geðlæknafélagsins, DSM, hefur mikið verið gagnrýnt í gegnum tíðina fyrir skilgreiningu sína á barnagirnd. Í fyrsta ritinu sem kom út árið 1952 var barnagirnd talin tegund persónuleikatrufunar (e. sociopathy) þar sem kynórar gagnvart börnum brutu í bága við ríkjandi siðferðisgildi (Green, 2002). Ekki þótti þessi skilgreining við hæfi þar sem siðblinda og skortur á iðrun er ekki meðal þeirra atriða sem lýsa barnagirnd. DSM er enn þann dag í dag gagnrýnt fyrir illa til fundu skilgreiningu á barnagirnd og hafa fræðimenn vakið athygli á ýmsum vandamálum á útlistun barnagirndar. Í DSM er barnagirnd talið ófullnægjandi hugtak í þeim skilningi að það nær aðeins yfir alla sem hafa kynóra gagnvart börnum sem ekki hafa komist á kynþroskaskeiðið (e. Prepubescent children) (Blanchard o.fl., 2009). Kynþroskaaldur barna er á bilinu 10-16 ára sem þýðir þá í raun að fólk sem gírnist 10 ára aðila sem kominn er á kynþroskaskeiðið er tæknilega ekki með barnagirnd. Þessi skilgreining gengur í því samhengi algjörlega í berhögg við vestræn lagakerfi, og í leiðinni ríkjandi viðmið, þar sem lögaldur til kynlífs er á bilinu 14-18. Skorað hefur verið á Bandaríska

Geðlæknafélagið að taka inn hugtakið *hebephilia* sem nú þegar er notað af fagaðilum yfir menn sem hafa kynhvattir til barna á kynþroskaaldri sem þó eru undir lögalldri. Annað vandamál er varðar skilgreiningu barnagirndar í DSM-V er að í ritinu er ítrekað að barnagirnd sé geðröskun í því samhengi að fólk með barnagirnd getur andlega liðið mjög fyrir og ýtt undir frekari vandamál eins og kvíða, þunglyndi og vímuefnaneyslu (American Psychiatric Association, 2013). Fræðimenn spyrja þá, hvað með fólk sem gírnist börn kynferðislega en líður hvorki fyrir það né gerir athöfn úr kynórum sínum? Samkvæmt DSM-V er tæknilega hægt að hafa kynóra til barna án þess að vera með barnagirnd (Green, 2002).

Sumir fræðimenn hafa verið á þeirri skoðun að barnagirnd eigi hreinlega ekki heima í DSM yfirhöfuð. Studer og Aylwin (2006) telja að með því að flokka barnagirnd meðal geðraskana er annað hvort verið að sjúkdómsvæða ólöglega hegðun eða glæpavæða draumóra. Sökum viðtækra skilgreiningu á barnagirnd í DSM-V hafa hugtökin „barnagirnd“ og „barnaníðingur“ (e. child molester) verið notuð sem samheiti af fagaðilum bæði innan réttarkerfisins og heilbrigðiskerfisins. Að mati Studer og Aylwin er gagnlaust að hafa tvö ólík hugtök því ekki hefur verið færð rök fyrir því að fólk með barnagirnd og barnaníðingar eiga að gangast undir ólíkar meðferðir. Þar sem eitt af greiningarviðmiðum barnagirndar er að sýna af sér kynferðislega hegðun gagnvart barni er í dag gengið út frá að einstaklingur sem leitar á barn sé haldinn barnagirnd þó svo að aðrar hvattir geta stafað af hegðun einstaklingsins. Núverandi lína milli hinnar lagalegu merkingu og sálfræði merkingu er of óskýr til þess að hægt sé að skilja þessi tvö hugtök að. Studer og Aylwin spyrja því: Ef það að leita á barn er hluti af því að vera með geðröskun, hvernig er þá hægt að refsa einstaklingnum fyrir? Ef það að leita á barn er glæpur þá er gengið út frá því að fólk með barnagirnd sé bundið vali og hægt sé að stjórna röskun sinni.

2.3 Stimpillinn

Ekki virðist vera gerður mikill greinarmunur á barnaníð og barnagirnd í íslenskum orðabókum. Þegar leitað er upp orðið *barnaníðingur* í veforðabókinni Snöru kemur skilgreiningin „maður sem sækist eftir kynlífi með börnum“ (Íslensk orðabók, e.d.). Ef barnagirnd er slegin inn í leitarvélina er vísað í sálfræðihugtakið barnhneigð. Barnhneigð er skilgreint sem „kynferðisárátta fullorðins til barns“. Ef næst er leitað uppi í veforðabókinni ensku þýðingar þessara orða, kemur *pedophilia* sem þýðing beggja orðanna. Að orðin *barnagirnd* og

barnaníð séu samheiti í íslensku tungumáli gefur ákveðna vísbendingu um viðhorf þjóðarinnar til fólks með kynóra gagnvart börnum. Miðað við skilgreiningu Bandaríska Geðlæknafélagsins á geðröskuninni barnagirnd hér að ofan ætti orðið *barnaníðingur* ekki að vera viðeigandi orð yfir fólk með barnagirnd þar sem ekki allir með barnagirnd hafa níðst á börnum (Schaefer o.fl., 2010). Réttara væri að orðið *barnaníðingur* yrði gert að lögfræðihugtaki yfir menn sem brotið hafa kynferðislega gegn börnum samanber enska hugtakið *child molester*. Fræðimenn telja mikilvægt að þessi tvö hugtök séu aðskilin úr því að hugtökin eiga við um tvo ólíka hópa (Jahnke o.fl. 2015). Með því að setja fólk með barnagirnd undir sama hatt og þá sem brjóta gegn börnum er verið að leggja óþarfa byrði á fólk sem í raun gæti verið saklaust. Að samtvinnu þessi hugtök dregur einnig úr þeirri trú að kynórar gagnvart börnum sé ekki ásetningur þeirra sem haldin eru barnagirnd.

Gerðar hafa verið rannsóknir á viðhorfum almennings til sálfræðigreiningarinnar barnagirnd þar sem í ljós kom að barnagirnd er það vandkvæði sem sætir mestum fordómum og neikvæðustu viðhorfunum (Imhoff, 2015; Jankhe o.fl., 2014). Í fyrri af tveimur rannsóknum sem hér verður fjallað um var viðhorf til barnagirndar borið saman við viðhorf til kynferðislegs sadisma, misnotkunar áfengis og andfélagslegrar tilhneigingar (Jahnke o.fl., 2015). Í niðurstöðum rannsóknarinnar er sagt að viðhorf til fólks með barnagirnd séu mikið neikvæðari en til hinna vandkvæðanna. Allt að 28% þátttakenda voru sammála um að fólk með barnagirnd ætti heldur að deyja þrátt fyrir að viðkomandi hafi aldrei brotið gegn barni. Ekki einn þriðji þessara prósentu kröfðust hins sama um kynferðislega sadista. Hafa skal í huga að sadistar, eða lostapyntarar, er fólk sem fær unað af annarra manna kvölum. Í sömu niðurstöðum kemur fram að þátttakendur töldu barnagirnd vera viðráðanlega í þeim skilningi að fólk gæti ákveðið hvort það hefði kynferðislegar langanir til barna eða ekki. En merki eru til um að fólk með barnagirnd hefur jafn mikla stjórn á kynhvötum sínum gagnvart börnum eins og gagn- og samkynhneigðir hafa gagnvart sama eða gagnstæðu kyni.

Í seinni rannsókninni á viðhorfum almennings til barnagirndar var skoðuð refsing þeirra sem hafa kynferðislega áhuga á börnum. Athuga var verið hvort að stimpillinn barnagirnd hefði áhrif á afstöðu almennings til refsingar (Imhoff, 2015). Lagður var fyrir þátttakendur spurningalisti sem mæla átti viðhorf til fólks með barnagirnd sem aldrei hafði brotið af sér. Niðurstöður leiddu í ljós að þátttakendur gerðu lítinn sem engan greinarmun á þeim sem leita á börn og þeim sem haldnir eru barnagirnd. Þátttakendur þótti fólk haldið barnagirnd svo

hættulegt börnum að það þyrfti að loka það inni eða dæma það að eilífu til að koma í veg fyrir að brot yrðu framin. Þrátt fyrir sterka afstöðu þátttakanda til refsinga á fólki með barnagirnd þá héldu þátttakendur barnagirnd ekki vera sjálfvalda hvöt. Rannsakendur héldu þar af leiðandi fram á að sjálfir kynórnir, ekki mögulegar afleiðingar þeirra, væru það sem kallaði fram ósk þátttakanda eftir refsingu.

Eins og áður hefur komið fram hafa enskumælandi lönd verið í vandræðum með að aðskilja sálfræðihugtakið *barnagirnd* frá þeirri lagalegu skilgreiningu að „brjóta á barni“ í bæði faglegri og almennri umfjöllun (Studer og Aylwin, 2006). Ástæðan gæti verið sú að stimpillinn *barnagirnd* tengir almenning við ákveðnar staðalímyndir sem almennt er haft um fólk með barnagirnd. Þessa staðalímyndir má vissulega rekja til bæði fjölmiðla og kvikmyndaiðnaðarins. Í sjónvarpi er einungis birt sú mynd af fólki með barnagirnd sem hefur skotið upp kolli í réttarkerfinu og áhrifin sem verða á brotapolu. Áfallið sem fylgir því að vera fyrir kynferðislegri misnotkun sem barn er talið eitt það erfiðasta sem hægt er að komast yfir (Hall og Hall, 2007). Bandarískar bíómyndir sýna oft menn með barnagirnd sem einskonar einfara sem hanga á leikvöllum að horfa á börnin með nammi í hendi í von um að lokka eitthvað barn til sín. Á Íslandi hafa verið gerðir rannsóknarþættir sem ýta einmitt undir þessar staðalímyndir. Kastljósið fjallaði til dæmis um Karl Vigni en hann er sagður barnlaus einfari sem lokkaði börn til sín með góðgætum og öðrum óheiðarlegum brögðum.

Sannleikurinn er sá að fólk sem haldið er barnagirnd er mjög sundurleitur hópur hvað varðar menntun, stöðu, uppeldi og andfélagsleg viðhorf (Anna K. Newton og Þórarinn V. Hjaltason, 2011). Fólk með barnagirnd finnst í öllum stéttum, stöðum og hlutverkum (Lanning, 2010). Staðalmyndin er sú að um er að ræða karla en sjónum hafa einnig verið beint að konum með barnagirnd (Hall og Hall, 2007). Einnig þarf ekki að vera að þeir sem haldnir eru barnagirnd finni einungis fyrir kynhvötum gagnvart börnum. Í rannsókn á 2429 mönnum haldnir barnagirnd var aðeins 7% þeirra sem skilgreindu sig með eingöngu kynferðislegan áhuga á börnum. Fólk getur verið gift og í sambandi með fullorðnum einstaklingi en samt haldið barnagirnd. Á Íslandi hafa brotapolar í 87% tilvika þekkt brotamann (Anna K. Newton og Þórarinn V. Hjaltason, 2011). Það má því segja að þessi einmanna brotamaður er ekki hinn dæmigerði einstaklingur með barnagirnd og hver sem er getur átt við þetta vandamál að stríða.

3. Stimpilberarnir

3.1 Hinn launhelgi glæpur

Ekki er vitað hversu margir eru haldnir barnagirnd (Hall og Hall, 2007). Fólk sem haldið er barnagirnd kemur yfirleitt upp á yfirborðið hjá heilbrigðistéttum eða hjá réttarkerfinu eftir að það hefur brotið gegn barni. Fræðimenn (t.d. Helgi Gunnlaugsson, 2011) telja að fjöldi þeirra einstaklinga sem að skjóta upp kolli hjá réttarkerfinu samsvari ekki þeim fjölda einstaklinga sem brjóta af sér. Talið er að allt að 80% brota gegn börnum séu framin af einstaklingi sem tengist barninu vina- eða fjölskylduböndum eða á annan hátt (Helgi Gunnlaugsson, 2011). Erlendar rannsóknir hafa sýnt að aðeins 5% mála innan fjölskyldu eru tilkynnt til lögreglu. Til er fjöldinn allur af rannsóknum á kynferðislegri áreitni og ofbeldi gegn unglingum sem gefa vissar vísbendingar um hversu algengt kynferðisofbeldi gegn börnum er. Haustið 2004 lagði sálfræðingurinn Bryndís Björk Ásgeirsdóttir (2011) spurningalistakönnun meðal nemenda í öllum framhaldskólum á Íslandi. Þátttakendur voru alls 9.113 nemendur á aldrinum 16-19 ára, það er 67% allra nemenda á þessum aldri í framhaldsskólum á Íslandi þetta haust. Í ljós kom að 27,3% framhaldskólanema hafa orðið fyrir einhvers konar kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands (2016a) voru alls 13.493 nemendur á aldrinum 16-19 skráðir í framhaldskóla um allt land þetta árið. Ef reiknað er hversu mikill fjöldi hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi út frá niðurstöðum Bryndísar má gera ráð fyrir að allt að 3.680 ungmenni á aldrinum 16-19 ára höfðu orðið fyrir einhvers konar kynferðislegu ofbeldi árið 2004.

Í febrúar 2014 var íslensk þýðing á alþjóðlegum spurningalista lögð fyrir alla nemendur í 6., 8., og 10. bekk í öllum skólum landsins (Ársæll M. Arnarsson, Kristín H. Gísladóttir og Stefán H. Jónsson, 2016). Einungis voru lagðar spurningar fyrir nemendur í 10. bekk er vörðuðu kynferðis ofbeldi og áreitni. Þátttakendur voru 3.618 sem samsvarar 85% allra nemenda sem skráðir voru í 10. bekk árið 2014. Niðurstöður leiddu í ljós að 14,6% nemenda í 10. bekk höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða áreitni. Ef aftur eru skoðaðar tölur frá Hagstofu Íslands (2016b) voru 4.197 nemendur í 10. bekk þetta árið. Ef reiknaður er fjöldi þeirra sem hafa orðið fyrir kynferðis ofbeldi út frá niðurstöðum rannsóknarinnar má gera ráð fyrir að 610 nemendur í 10. bekk höfðu orðið fyrir einhverju kynferðislegu ofbeldi eða áreiti. Á sama ári og þessi spurningalistakönnun var lögð fram birti Ríkislögreglustjóri (2014) tölur yfir grunaða eða

kærða einstaklinga fyrir kynferðisbrot gegn börnum á árunum 2011 og 2012. Samkvæmt tölum Ríkislögreglustjóra voru 86 einstaklingar grunaðir/kærðir árið 2011 og 87 grunaðir/kærðir árið 2012. Vissulega eru tölur Ríkislögreglustjóra ekki í samræmi við niðurstöður áður nefndra rannsókna um fjölda þeirra unglunga sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða áreiti og má því gera ráð fyrir að mikill meirihluti kynferðisbrota gegn börnum komast ekki á yfirborðið. Hafa verður þó í huga að ekki er vitað hversu mörg brot hver grunaður/kærður einstaklingur var grunaður um eða kærður fyrir og gæti því verið að hver grunaður/kærður einstaklingur hafi brotið á fleiri en einu barni. Á móti kemur svo að 10 ár voru milli rannsókna sem fjallað eru um sem gefur vísbendingu um að með hverri kynslóðinni verði fjöldi ungmenna fyrir kynferðislegri misnotkun.

Erfitt er hins vegar að nálgast fólk sem haldið er barnagirnd með öðrum hætti en í gegnum réttarkerfið eða heilbrigðiskerfið. Sterk og neikvæð viðhorf samfélagsins til barnhneigðar verða til þess að fólk með barnagirnd forðast að láta auðkenna sig (Studer og Aylwin, 2006) og gerir það fræðimönnum erfitt fyrir að átta sig á bæði umfangi og hegðunarmynstri. Margar rannsóknir hafa verið gerðar um kynferðislegan áhuga á börnum þar sem úrtakið er almennt fólk sem ekki hefur verið greint með barnagirnd, hvorki af öðrum né sjálfum sér. Niðurstöður kannana hafa sýnt að allt að 20-22% karla finna fyrir einhverri kynlöngun til barna (Green, 2002) en 7% viðurkenna að þeir myndu stunda kynlíf með barni ef ekki kæmist það upp (Studer og Aylwin, 2006). Ein sálfræðirannsókn sem skoða átti kynferðislega örvun „venjulegra“ karla sýndi að meðaltali væru 50% karla sem fundu fyrir örvun þegar þeim var birt myndir af stelpum undir löfgaldri (Green, 2002). Að hafa einhverja kynhvöt til ungra einstaklinga gæti verið mun algengara en almennt er látið í ljós.

3.2 Sérkennin

Næstum allar rannsóknir sem hafa verið gerðar um barnagirnd hafa verið byggðar á upplýsingum frá föngum eða dæmdum kynferðisbrotamönnum (Fast, 2010; Green, 2002; Hall og Hall, 2007; Shaefer o.fl., 2010). Fræðimenn sem hafa fjallað um barnagirnd segja að slíkar rannsóknir hafi gríðarlega úrtaksbjögun þar sem að úrtakið endurspeglar engan veginn þýðið. Þó talið sé að 88% prósent gerenda kynferðisbrota gegn börnum mæti, eða muni mæta, greiningarviðmiðum á barnagirnd (Hall og Hall, 2007) þá geta fangar og dæmdir kynferðisbrotamenn varla verið góðir fulltrúar þeirra sem aldrei hafa verið dæmdir, kærðir eða

grunaðir, og hvað þá þeirra sem haldnir eru barnagirnd en hafa aldrei brotið á barni (Green, 2002; Schaefer o.fl., 2010). Af þátttakendum forvarnarverkefnisins Dunkelfeld voru 53,4% sem höfðu leitað á barn og 58% sem höfðu aldrei komist í kast við lögin vegna kynferðisbrota gegn barni (Beier o.fl., 2009). Hér á eftir verða bornar saman niðurstöður ýmissa rannsókna á dæmdum barnaníðingum og tölur þýska forvarnaverkefnis Dunkelfeld þar sem um er að ræða fólk sem ekki hefur brotið af sér eða hefur ekki verið uppvís að broti.

Niðurstöður rannsókna á barnaníðingum (e. *child molesters*) hafa dregið fram ýmis sérkenni sem eiga að mati rannsakenda að endurspegla hegðunarmynstur eða skapgerðalýsingu fólks sem haldið er barnagirnd. Til að byrja með eru langflestir þeirra sem dæmdir hafa verið fyrir kynferðis brot gegn börnum karlar (Hall og Hall, 2007). Rannsóknarniðurstöður á sviðinu sýna að stærsti hluti fullorðinna sem brjóta af sér gegn börnum eru karlar á miðjum aldri eða rúm 80%. Meðalaldur þeirra er um 40 ár (Anna K. Newton og Þórarinn V. Hjaltason, 2011). Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að aðeins 1% gerenda séu konur (Hall og Hall, 2007). Á árunum 1985 til 2009 féllu 235 dómur í kynferðisbrotamálum gegn börnum á Íslandi og engin þeirra sem fengu dóm var kona (Anna K. Newton og Þórarinn V. Hjaltason, 2011). Niðurstöður þolendarannsókna á Íslandi hafa hins vegar sýnt að konur séu einnig gerendur en þó í miklum minnihluta. Flestir þeirra karla sem hafa verið dæmdir segja kynhvattirnar gagnvart börnum hafi komið strax um tvítugt (Hall og Hall, 2007). Tölur forvarnaverkefnis Dunkelfeld sýna að meirihluti þátttakenda hafa fundið fyrir hvötunum gagnvart börnum strax um tvítugt en þó alls ekki allir (Beier o.fl., 2009).

Einhverja hluta vegna sjá fræðimenn þörf á að flokka gerendur í kynferðisbrotamálum gegn börnum eftir kyni brotaþola en þær tölur eru breytilegar eftir rannsóknum. Prósentu þeirra með barnagirnd sem talin eru hafa samkynhneigðar langanir er á skalanum 9-40% (Hall og Hall, 2007). Rannsóknir hafa sýnt að kynferðisleg afstaða til annars hvors kynsins þarf ekki að hafa neitt með kynhneigð gerenda að gera (Helgi Gunnlaugsson, 2011). Aðeins 7% gerenda hafa lýst því yfir að hafa einungis kynferðislega löngun til barna (Hall og Hall, 2007). Samkvæmt tölum forvarnaverkefnis Dunkelfeld höfðu rúmlega helmingur þátttakendanna kynferðislega tilhneigingu til stráka (Beier o.fl., 2009). Samt sem áður hafa niðurstöður þolendarannsókna sýnt að allt að fjórfalt fleiri þolenda eru konur (Bryndís B. Ásgeirsdóttir, 2011).

Rannsakendur hafa leitast eftir því að svara hvað mögulega valdi því að fólk fái barnagirnd. Barnaníðingar hafa verið metnir með lægri meðalgreind og afbrigðileika í heila

(Hall og Hall, 2007). Í einni rannsókn á barnaníðingum gerðu þátttakendur grein fyrir höfuðáverka á yngri árum þar sem aukaverkanir eru meðal annars greindarskerðing (Hall og Hall, 2007). Tölur forvarnaverkefnisins Dunkelfeld leiddu í ljós að meiri en einn þriðji þátttakenda hefðu í það minnsta klárað 11 ár í skóla (Beier o.fl., 2009) sem hvorki sannar eða afsannar hugmynd um greindarskerðingu. Þeir fræðimenn sem koma að forvarnaverkefninu segja hins vegar að þeir sem hafa orðið uppvísir að broti séu minna menntaðir en þeir sem ekki hafa brotið af sér eða hafa ekki komist í kast við lögin (Schaefer o.fl., 2010).

Almennt eru gerendur í kynferðisbrotamálum gegn börnum líklegri til að glíma við aðrar geðraskanir eða vímuefnavandamál (Hall og Hall, 2007). Fimmtíu til sextíu prósent glíma við kvíða og önnur 50-60% neyta vímuefna í óhófi. Kynferðisbrotamenn sem leitað hafa á börn hafa mælst með lægra sjálfsmat og meiri kvíða en aðrir kynferðisbrotamenn (Green, 2002). Allt að 90% þeirra sem brotið hafa á börnum segjast sjálfir hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun sem barn (Helgi Gunnlaugsson, 2011). Helgi Gunnlaugsson bendir hins vegar á að þessar tölur sýni ekki fram á að þeir sem hafa orðið fyrir misnotkun séu líklegri til að brjóta kynferðislega gegn barni. Heldur er líklegra að þeir sem brjóta gegn barni hafi sjálfir orðið fyrir kynferðislegri misnotkun. Helgi vill einnig meina að möguleiki sé á að gerendur ýki sögur um misnotkun í æsku til að hljóta samúð og skilning.

Sérkennin sem komið hafa í ljós í rannsóknum á dæmdum barnaníðingum eru athugasemdir að því leyti að þau er ekki frábrugðin þeim sérkennum sem sögð eru lýsa hinum almenna afbrotamanni. Dæmdir afbrotamenn eru í miklum meirihluta ómenntaðir eða lítið greindir karlmenn með vímuefnavandamál (Helgi Gunnlaugsson, 2011). Afbrotmenn sem afplánað hafa dóm í fangelsi hafa einnig talað um erfiða æsku í formi misnotkunar (Oddur Malberg, 2007) sem og brothætta sjálfsmynd (Jón Gunnar Bernburg, 2005). Niðurstöður rannsókna á dæmdum barnaníðingum ætti því að taka með varkárni í því samhengi að hægt sé að einkenna fólk með barnagirnd út frá þeim sérkennum sem upp hafa verið talin.

3.3 Yfirborðið

Einn af megin þáttum sem fjallað er um innan stimpilsjónarhornsins varðar það ferli þegar formleg viðbrögð samfélagsins leiða af sér stimplun og þegar stimpillinn verður að auðkenni og hluti af sjálfsmynd hins stimplaða (Jón Gunnar Bernburg, 2009a). Sölvi Tryggvason og Daníel

Bjarnason (2013), höfundar þáttarins Málið, gerðu þætti um barnaníð þar sem þeir tældu menn með barnagirnd í gegnum netið og reyndu þannig að ná til þeirra. Það sem höfundi þessarar ritgerðar þykir athugasvert við þættina er að sjá hvernig menn með barnagirnd horfast í augu við breytt auðkenni. Mennirnir sem Sölvi náði tali við höfðu fyrir þættina stundað „áhugamál“, ef svo má að orði komast, sín í leyni og því ekki gengist undir þá gagnrýni sem fylgir barnaníð. Sölvi náði tali af þeim mönnum sem komu fram í þættinum með því að búa til reikning á stefnumótavefsíðum og þóttist vera einstaklingur undir lögdri. Hafa skal í huga að þeir menn sem Sölvi ræddi við voru ekki dæmdir barnaníðingar.

Af þeim fáu viðtölum sem komu fram í þáttum Sölva var einn viðmælandi sem stóð upp úr að mati höfundar þessara ritgerðar. Sölvi ítrekaði í lýsingu sinni á manninum að maðurinn hafi mjög greinilega sýnt fram á kynferðislegan áhuga á börnum og því öruggt að um væri að ræða mann sem haldinn væri barnagirnd (Sölvi Tryggvason og Daníel Bjarnason, 2013). Þegar Sölvi náði tali af manninum harðneitaði maðurinn að hann hafi verið að ræða við einn né neinn á netinu og hvað þá hitt einhverja stúlku í kynferðislegum tilgangi. Sölvi sýndi honum þá öll samtölin sem áttu sér stað og myndirnar sem maðurinn hafði sent tálbeitunni en maðurinn var ennþá ákveðinn í því að Sölvi væri að segja ósatt. Afneitun er sagt vera eitt algengasta viðbragð brotamanna þegar þeir eru uppvísir um brot (Lanning, 2010). Mögulega gæti viðbragð sem þetta verið tilraun til þess að verja eigið auðkenni, en einnig er mögulegt að slíkt viðbragð sé til þess að komast undan refsingu.

Þegar lengra líður á þáttinn hefur Sölvi sannfært viðmælanda að hann muni ekki koma þessum gögnum sem hann safnaði til lögreglu ef að viðmælandi samþykkir að leita sér hjálpar og svara nokkrum spurningum um barnagirnd (Sölvi Tryggvason og Daníel Bjarnason, 2013). Það sem þótti áhugasvert í samtalinu eftir samkomulag þeirra var að Sölvi þurfti að rökræða allan tímann um hvað viðmælandi hafði sagt og gert á netinu. Þrátt fyrir að viðmælandi hafi viðurkennt að hafa átt þessi samskipti við stúlkur undir lögdri, gat hann ekki verið sammála um hvernig samskiptunum var háttað þegar Sölvi spurði frekar út í þau. Viðmælandi vissi að Sölvi væri með öll samtölin fyrir framan sig en samt þótti honum vert að mótmæla eigin orðum. Á þessum tímapunkti í viðtalinu vissi viðmælandi að hann mundi ekki sæta formlegri refsingu fyrir athæfi sitt en þó átti hann erfitt með að viðurkenna gjörðir sínar. Sölvi spurði í framhaldi hvernig viðmælandi upplifi barnagirnd. Viðmælandi taldi sig ekki vera haldinn barnagirnd og skýldi sér á bak við þá trú að hann væri spennufíkill. Áhugi hans á stúlkum undir

lögaldri hefði ekkert með kynlíf að gera heldur var spennan við að gera eitthvað ólöglegt undirrot hegðun hans.

Af viðbrögðum viðmælenda að dæma var ekki auðvelt að komast til móts við þá staðreynd að vera frávík. Svo virtist vera sem hann sjálfur hefði fordóma gagnvart mönnum sem töluðu við stúlkur undir lögaldri en viðmælandi sagði frá því að hann ætti konu og börn, og yrði reiður ef einhver myndi tala svona við sín börn eða barnabörn. Fordómar gagnvart fólki með barnagirnd gætu verið svo gífurlegir að þeir sem haldnir eru barnagirnd geta ekki sjálfir viðurkennt hvatir sínar. Eins og Link o.fl. hafa bent á eru þeir sem flokkast gætu undir frávík varir um þá fordóma sem fylgir frávíkinu (Jón Gunnar Bernburg, 2009b) og því sennileg ástæða þess að viðmælandi er tregur við að samþykkja orð Sölva. Út frá viðtölum Sölva í Málinu veltir höfundur þessa ritgerðar fyrir sér ferli stimplunar í smáatriðum. Algengt er að rannsóknir innan stimplunarsjónarmiðsins einblíni á áhrif stimplunar á líf hins stimplaða eftir að stimplun hefur átt sér stað (Jón Gunnar Bernburg, 2009a). Rannsóknir á því hvernig auðkenni einstaklings breytist hafa ekki verið eins áberandi en telur höfundur viðtölin gefa vísbendingar um það hvað gerist þegar brotamenn í flokki kynferðisbrota gegn börnum koma upp á yfirborðið.

3.4 Formlegu barnaníðingar Íslands

Samkvæmt Almennum hegningarlögum nr. 19/1940 skulu þeir sem hafa samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 15 ára, sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir barn 1) yngra en 18 ára 2) til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum. Á Íslandi eru að ári hverju um það bil fimmtán einstaklingar sem sæta fangelsis vegna kynferðisbrots gegn barni eða um tíu prósent afplánunarfanga (Anna K. Newton og Þórarinn V. Hjaltason, 2011). Íslenskir fræðimenn sem skoðað hafa upplifun barnaníðinga innan veggja íslenskra fangelsa hafa bent á að þeir sem sæta dóm fyrir barnaníð eru ekki aðeins útskúfaðir í samfélaginu heldur er vist þeirra í fangelsi einnig óbærileg (Helgi Gunnlaugsson, 2011). Helgi Gunnlaugsson lýsir upplifun eins fanga sem varð fyrir einelti og ofbeldi af hálfu samfanga sinna vegna dómsins sem hann hlaut. Sá umræddi fangi sá sig tilneyddan að biðja um að flytja sig frá almennum föngum. Helgi segir í lýsingu sinni að gerendur kynferðisbrota gegn börnum „vermi botnsætið í virðingaskala fangelsisins rétt eins og annars staðar í samfélaginu“.

Á Íslandi hefur upplifun barnaníðinga á stimplinum sem þeir bera lítið verið skoðuð en Kristján I. Kristjánsson (2011) tók viðtöl við fimm dæmda barnaníðinga í BA verkefni sínu sumarið 2010. Fjórir viðmælendanna voru ennþá að afplána dóm á meðan sá fimmti hafði lokið afplánun og reynt að fikra sig áfram í samfélaginu. Allir höfðu þeir orðið fyrir hrottalegu og ofbeldisfullu einelti á meðan afplánun stóð. Allir voru þeir smeykir við fara aftur í samfélagið sökum þess stimpils sem þeir nú bæru og töldu þörf á að flytja frá því bæjarfélagi sem þeir bjuggu í þegar þeir voru kærðir. Þeir lýstu því hvernig þeir höfðu áhyggjur af því að fá vinnu og þættu ólíklegt að einhver myndi ráða sig. Fjórir þessara manna voru fjölskyldumenn áður en þeir voru kærðir og allir höfðu þeir misst konur sínar og börn eftir dóm. Þeir lýstu því að sambönd við fjölskyldu og vini rofnuðu og að nánast enginn vildi eitthvað með þá hafa. Einn mannanna sagði frá því að móðir hans hafi einnig orðið fyrir útskúfun eftir að sonur hennar var dæmdur. Sá eini sem hafði afplánað dóminn lýsti löngun sinni til að ganga í sjóinn eftir að hafa misst vinnu tvívegis vegna dómsins. Þrátt fyrir að hafa verið duglegur starfsmaður og ekki verið í kringum börn þá var fundin til ástæða að reka hann ef að dómur hans komst upp. Hann sagði frá því hvernig hann hefði verið beðinn um að taka kuldagalla út á reikning fyrirtækisins, sem hluti af vinnufatnaði. Seinna hafði hann verið kallaður inn af forstjóra sem rak hann fyrir að hafa dregið að sér fé frá fyrirtækinu vegna gallans. Af frásögn hans að dæma er best ef að fólk veit ekki hver hann sé í raun og veru. Hann lýsir því hvernig hann hefur lent í óþægilegum og fordómafullum samskiptum við fólk sem veit af dómnum. Mörgum árum eftir afplánun rakst hann til dæmis á mann í búð sem jós sér yfir hann og sagði: „Þarna ert þú helvítis barnaníðingurinn þinn. Hvað ertu hættur að ríða börnum?“.

Samanber umfjöllun Link o.fl. í fyrsta hluta þessara ritgerðar má sjá að frásagnir viðmælanda eru í fullu samræmi við hugmyndfræði innan stimplunarsjónarhornsins. Allir gerðu mennirnir sér grein fyrir hvaða formdómum þeir ættu eftir að mæta og sáu sig líklega til þess að draga sig frá þeim samfélögum sem þeir áður voru hluti af til að forðast fordæmingu og höfnun. Ekki sáu þeir fram á að geta átt hefðbundið félags- og fjölskyldulíf enda hræddir við viðbrögðin sem dómur þeirra gæti kallað fram. Af frásögnum þeirra að dæma virtist þeirra ákvörðun og vilji til að komast undan því samfélagi sem þeir áður voru meðlimir í byggð á staðalmyndum um barnaníðinga, eins og Link o.fl. bentu á.

4. Úrræði

4.1 Hvert er vandamálið?

Niðurstöður rannsókna á þolendum sýna að 10-30% fólks um allan heim hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi sem börn (Beier o.fl., 2009). Þessar tölur benda til þess að allt að fjórði hver einstaklingur hafi þurft að sæta einhvers konar kynferðislegri misnotkun sem barn. Segja má fyrir víst að þetta hlutfall er gríðarlega hátt og um sé að ræða vandamál. Áfallið sem þolendur verða fyrir er talið vera eitt það átakanlegasta sem einstaklingur þarf að takast á við (Bryndís B. Ásgeirsdóttir, 2011). Þolendur slíkra brota eru líklegri til þess að þróa með sér alvarleg geðræn vandamál og almenna vanlíðan. Ekki er um að villast að gerendur í þessum málum eru uppspretta þessa vandamáls og eru miklar líkur á því að gerendur séu haldnir barnagirnd þar sem þessi geðröskun er sögð einn helsti orsakavaldur kynferðislegs ofbeldis gegn börnum (Schaefer o.fl., 2010). Fræðimenn innan félagsfræðinnar telja að hægt sé að draga úr þessu hlutfalli með því að reyna að ná til þeirra sem haldnir eru barnagirnd, og þá mögulegra gerenda, og vekja athygli meðal bæði almennings og fagfólks á að barnaníð og barnagirnd eru ekki samheiti (Jahnke o.fl., 2014). Mælt er með því að fólk með barnagirnd sæki hugræna atferlismeðferð hjá sérhæfðum aðila en í henni er einstaklingum hjálpað að ná stjórn á löngunum sínum og hvötum (Studer og Aylwin, 2006). Neikvæð viðhorf til fólks með barnagirnd geta hins vegar haft þau áhrif að fólk með barnagirnd hræðist að leita hjálpar í trú um að mæta fordómum að hálfu fagaðila (Jahnke o.fl., 2014). Auk þess geta neikvæð viðhorf leitt til þess að fólk með barnagirnd einangri sig en skortur á félagslegum björgum gerir fólki erfiðara að hafa stjórn á sjálfum sér.

4.2 Umfjöllun meðal almennings

Þegar talað er um mikilvægi þess að vekja athygli meðal almennings á ólíkum merkingum orðanna barnagirnd og barnaníð er vert að huga að niðurstöðum rannsóknar Sigrúnar Ólafsdóttir og Jóns Gunnars Bernburg (2010) á fordómum á geðrænum vandkvæðum. Eins og áður kom fram hefur barnagirnd verið læknisfræðilega skilgreind sem geðröskun. Niðurstöður fyrrnefndrar rannsóknar bentu til þess að læknisfræðilegar skýringar á geðrænum vandkvæðum dragi ekki úr fordómum gagnvart þeim sem eiga við þess konar vandamál að stríða. Að fullvissa almenning um að líta á geðræn vandkvæði sem læknisfræðilegt viðfangsefni

mun líklega ekki draga úr neikvæðum viðhorfum gagnvart þeim sem takast þurfa á við slíka erfiðleika. Ef þátttakendur töldu tilkomið ástand vera „geðsjúkdóm“ eða „sjúkdóm í heila“ voru þeir líklegri en aðrir til að hafa fordóma fyrir viðkomandi (Sigrún Ólafsdóttir og Jón Gunnar Bernburg, 2010). Almenn hafa sjúkdómar þá skilgreiningu að um sé að ræða óviljandi ástand, það er að ekki sé hægt að ásaka einstaklinga sem greindir eru með sjúkdóm. Hægt er að skilja þá skilgreiningu sem svo að fólk með sjúkdóm ráði ekki við það og gæti sá skilningur verið ein ástæða þess að fordómar séu gagnvart fólki með geðræn vandkvæði. Að þessu sögðu þarf að gæta varkárni ef vekja á athygli á ólíkum merkingum á hugtökunum barnagirnd og barnaníð. Að fjalla um barnagirnd sem geðröskun gæti dregið úr því áliti almennings að fólk með barnagirnd velji sér að girnast börn (Jahnke o.fl., 2014) en mun ólíklega draga úr fordómum. Hugsanlega væri skynsamlegra að vekja athygli á að barnagirnd er ekki ákjósanlegt ástand og fólk með barnagirnd hefur ólíklega löngun til að skaða barn til frambúðar.

4.3 Forvarnarverkefnið *Dunkelfeld*

Í júní 2005 var sett af stað forvarnarverkefni í Þýskalandi sem kallað er *The Berlin Prevention Project Dunkelfeld* en markmið verkefnisins er að ná til þeirra sem glíma við barnagirnd og þannig fyrirbyggja kynferðislega misnotkun gegn börnum (Beier o.fl., 2009). Í þessum hópi eru bæði menn sem hafa brotið gegn barni en hafa ekki verið uppvísir (e. *dunkelfeld offenders*) og menn sem mögulega gætu brotið á barni (e. *potential offenders*). Þýska orðið *dunkelfeld* er beinþýtt sem *dimmasviðið* og á við um þau brot sem ekki hafa komið upp á yfirborðið (Schaefer o.fl., 2010). Unnið var markvist að fjölmiðlaherferð þar sem fólk með kynferðislega löngun til barna var hvatt til að leita sér hjálpar (Beier o.fl., 2009). Auglýsingarnar voru birtar hjá allt að 50 sjónvarps- og útvarpsstöðvum og var þeim dreift víða um net- og prentmiðla. Einblínt var að því að vekja athygli á að einstaklingar sem leita á börn eru ekki ámælisverðir fyrir hvatir sínar og langanir, heldur eru þeir ábyrgir fyrir þeim afleiðingum sem atvikið leiðir af sér. Sett var saman umfangsmikið teymi af sérfræðingum og rannsakendum sem nú vinna stefnubundið að því að hjálpa fólki við að ná stjórn á hvötum sínum.

Mörg hundruð manns hafa streymt til Berlínar í von um að fá hjálp við að stjórna hvötum sínum (Beier o.fl., 2009). Markvirkni meðferðarinnar hefur ekki verið ákvörðuð en þeir fræðimenn sem koma að verkefninu telja að meðferðin sjálf sé ekki það áhrifamesta þegar að kemur að því að fyrirbyggja kynferðisbrot gegn börnum. Talið er að mikilvægast hafi verið að

nálgast þennan undirhóp með því að sniðgangast siðferðisleg viðhorf samfélagsins til fólks sem haldið er barnagirnd. Í fjölmiðlaherferðinni voru ekki neindir formdómar upplýstir og sýnt var fram á stuðning fagfólks. Í samfélaginu varð þar af leiðandi einskonar viðhorfsbreyting þar sem forvarnarverkefnið var almennt viðurkennt. Þessi almenna viðurkenning er sögð hafa dregið úr hræðslu þátttakanda við það að stíga skrefið í átt að meðferð. Fræðimenn segja að traust og almenn trú á verkefninu verði til þess að þátttakendur nái árangri. Vert er þó að hafa í huga að í Þýskalandi hafa sálfræðingar ekki leyfi til þess að upplýsa lögreglu ef upplýsingar koma fram um fyrri brot eða möguleg brot. Þessi trúnaður getur vissulega haft áhrif. Almennt telja stofnendur að forvarnarverkefnið sé þess virði og að það skili almennt árangri að fólk haldið barnagirnd vilji leita sér hjálpar (Beier o.fl., 2009).

4.4 Aðstaðan á Íslandi

Á Íslandi eru sjálfstætt starfandi geðlæknar og sálfræðingar með sérþekkingu á sviði kynferðisbrota og veita við þeim meðferð (Anna K. Newton og Þórarinn V. Hjaltason, 2011). Almennt er um að ræða einstaklingsmeðferð sem byggist á lyfjainngripi og/eða hugrænni atferlismeðferð. Ekki er vitað hversu margir leita sér hjálpar af sjálfdáðum til þessara sérfræðinga en þeir sálfræðingar hafa greint frá því að nokkrir einstaklingar leiti til þeirra á ári. Meginþorri meðferða við barnagirnd fór fram í fangelsum landsins en 2016 þurfti að skera niður í fangelsum og neyddist fangelsisstjóri til að hætta með meðferð (Arnhildur Hálfhánsdóttir, 2015). Reynt var að láta kynferðisbrotamenn hafa forgang í sálfræðimeðferð í fangelsum með það markmið að draga úr líkum á ítrekun (Anna K. Newton og Þórarinn V. Hjaltason, 2011). Árið 2011 voru opinberar tölur á Íslandi um ítrekuð kynferðisbrot gegn börnum mjög lágar eða um 3%. Frá árinu 1985 til ársins 2011 voru 149 einstaklingar sem hlutu dóm fyrir kynferðisbrot gegn börnum og höfðu 4 þeirra verið dæmdir á ný fyrir samskonar brot. Í rannsókn Helga Gunnlaugssonar (2008) sem framkvæmd var við síðustu aldamót kom fram að af 3.216 sem luku afplánun á árunum 1994 til 1998, höfðu tveir af hverjum þremur komist aftur í kast við lögin. Ítrekunartíðni meðal kynferðisbrotamanna sem brotið hafa á börnum er gífurlega lág miðað við þessar niðurstöður Helga Gunnlaugssonar sem vekur upp spurninguna um áhrifamátt meðferðanna. Höfundur þessarar ritgerðar er ekki viss um að lág ítrekunartíðni megi rekja alfarið til meðferða þó hún örugglega hafi hjálpað kynferðisbrotamönnum að takast á við girnd sína. Sálfræðingar sem unnið hafa hjá

fangelsismálastofnun hafa bent á að skortur sé á sálfræðiþjónustu innan fangelsisins og hafa ekki allir kynferðisbrotamenn haft möguleika á að fá þá meðferð sem þörf er á (Anna K. Newton og Þórarinn V. Hjaltason, 2011). Þar af leiðandi má gera ráð fyrir að sumir þeirra sem afplánuðu dóm fyrir kynferðisbrot gegn börnum hafi ekki gengist undir meðferð og hafa samt ekki orðið uppvísir um samskonar brot að nýju.

Fræðimenn sem hafa öðlast sérþekkingu á þessu sviði telja mikilvægt að stuðla að forvörnum (Anna K. Newton og Þórarinn V. Hjaltason, 2011). Sálfræðingurinn Anna Kristín Newton hefur vakið athygli á því í Íslenskum fjölmiðlum að ekki sé nægilega gott aðgengi fyrir fólk með barnagirnd sem vill leita sér hjálpar (Arnhildur Hálfhánsdóttir, 2015). Fáir geðlæknar og sálfræðingar telja sig nógu vel að sér til að geta tekið fólk með slíka röskun í meðferð sem gerir það að verkum að fólk haldið barnagirnd hefur verið neitað meðferð. Ólafur Örn Bragason (2011) hefur hvatt uppeldisstofnanir til að fræða ungmenni um heilbrigða kynhegðun og telur mikilvægt að veita ungmennum sem sýna af sér afbrigðilega kynhegðun meðferð sem fyrst. Anna Kristín Newton bendir einnig á lélega þátttöku Ríkisins í að styðja við forvarnir á kynferðisbrotum gegn börnum (Arnhildur Hálfhánsdóttir, 2015). Eins og áður hefur verið nefnt neyddist Fangelsismálastofnun að hætta með meðferð fyrir menn sem brotið hafa gegn börnum. Að sækja slíka meðferð hjá sérfræðingi utan fangelsis krefst 50-100 heimsóknna og hver heimsókn kostar allt að 14 þúsund krónur. Anna Kristín Newton segir fáa í stakk búna fjárhagslega að borga svo dýra meðferð. Eins og staðan er í dag veitir ríkið engan stuðning við slíkri meðferð en gæti það endurspeglað fordóma hér á landi til málaflokksins. Frá stimplunarsjónarhorninu ætti að reyna að stuðla að viðhorfsbreytingu á fólki með barnagirnd og þannig létta vægi stimpilsins. Íslenska ríkið gæti til dæmis tekið Þýskaland til fyrirmyndar og lagt af stað með forvarnarverkefni. Hægt væri að vinna að betri aðstöðu fyrir fólk með barnagirnd og hvetja það fólk til að leita sér hjálpar í gegnum fjölmiðla. Einnig væri mikilvægt að fræða bæði almenning og fagfólk um áhrif þess að hafna einstaklingum vegna geðröskun sinnar, eins og áður hefur komið fram. Þannig myndi almenningur átta sig á að um er að ræða fólk sem þarfnast hjálpar en ekki skrímsli sem loka á inni eða deyða.

Umræða

Barnagirnd er það vandkvæði og frávik sem sætir einna mestum fordómum og neikvæðustu viðhorfum á meðal vestrænna samfélaga. Þessi viðhorf hafa ekki alltaf verið til staðar en áður fyrr var kynlíf með börnum jafnvel algengt. Enn í dag má finna menningarheima þar sem kynferðislegt athæfi með börnum er ekki bara algengt heldur norm. Þessi ólíku viðhorf til kynlífs með börnum eru dæmi þess að samfélög ákvarða hvað sé frávik og ekkert sé í eðli sínu slæmt eða gott, eins og stimplunarsjónarhornið hefur greint frá. Í lok 18. aldar fóru viðhorf til kynlífs með börnum að breytast og kynlöngun til barna varð í kjölfarið flokkuð sem geðröskun. Gríðarlega neikvæð viðhorf samfélaga til kynóra og hvata til barna gerir það að verkum að bæði almenningur og fagaðilar gera ekki greinarmun á geðröskuninni barnagirnd og verknaðinum að brjóta gegn barni.

Fræðimenn benda á að stór munur sé á því að vera með barnagirnd eða að vera barnaníðingur. Um sé að ræða tvær skilgreiningar á ólíkum sviðum. Barnagirnd er sálfræðilegt hugtak sem lýsa á þeirri geðröskun að hafa kynóra til barna, á meðan kynferðisbrot gegn barni (eða óformlega barnaníð) sé lögfræðileg skilgreining og á við þann ólöglega verknað að brjóta gegn barni. Rannsóknir hafa leitt í ljós að ekki allir þeir sem haldnir eru barnagirnd hafa leitað á barn og ekki allir þeir sem hafa brotið gegn barni eru haldnir barnagirnd. Fræðimenn á þessu sviði vilja vekja athygli á að ekki sé hægt að ámæla einstaklingi fyrir hvatir sínar og langanir en hægt er að gera hann ábyrgan fyrir þeim afleiðingum sem að verknaður hans hefur í för með sér. Hinu neikvæðu viðhorf sem samfélög hafa til fólks með barnagirnd eiga því ekki alltaf rétt á sér. Ekki getur talist sanngjarn að hugsa til einstaklings sem aldrei hefur brotið af sér að hann verðskuldi dauða eða ævilanga fangavist. Fólk með barnagirnd ber því ekki einungis þann frávíksstimpil að vera með geðröskun heldur bera einnig birgðir afbrotastimpilsins.

Polendarannsóknir hafa sýnt að 10-30% fólks um allan heim hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun sem barn. Þetta gríðarlega stóra hlutfall þolenda er ekki í samræmi við tölur lögreglu um fjölda gerenda, sem þýðir að fjöldi gerenda gengur á meðal almennings. Fræðimenn telja að hægt sé að koma í veg fyrir að brot sé framið ef fólk með barnagirnd gengst undir hugræna atferlismeðferð og hjálpa þeim þannig að hafa stjórn á hvötum sínum. Fólk með barnagirnd á hinsvegar erfitt með að leita sér hjálpar vegna þeirra afleiðinga sem fordómar gagnvart þeim geta leitt af sér. Fræðimenn sem hafa fjallað um áhrif stimplunar, eins og Link o.fl., hafa bent á að þeir sem stimplaðir eru frávik gera sér grein fyrir þeim

fordómum og neikvæðu viðhorfum sem fylgir stimplinum og dragi sig frá félagsheiminum í ótta við að mæta þessum fordómum. Í stað þess að leita sér hjálpar hefur fólk með barnagirnd haldið röskun sinni leyndri og þar af leiðandi ekki fengið aðgang að þeim björgum sem þörf er á. Þessi neikvæðu viðhorf til barnagirndar geta að því leyti virkað sem hömlur þegar kemur að forvörnum kynferðisbrota gegn börnum. Í Þýskalandi hefur verið sett af stað forvarnarverkefni með það markmið að ná til fólks áður en (sí)brotið er á barni. Eftir umfangsmikla auglýsingaherferð kom fjöldi fólks um allt Þýskaland fram í þeirri von að hjálp væri til staðar. Þeir fræðimenn sem komið hafa að þessu verkefni telja forvarnaverkefnið hafa skilað árangri, ekki aðeins meðal þeirra sem sækja hjálp heldur einnig meðal almennings og viðhorf þeirra til barnagirndar. Miðað við umfjöllun þeirra sem koma að Dunkelfeld forvarnarverkefninu er í það minnsta gagnlegra fyrir samfélagið að hvetja fólk með barnagirnd til að leita sér hjálpar í stað þess að hafna því og útskúfa.

Við gerð þessara ritgerðar varð hjá höfundi ákveðin viðhorfsbreyting til kynferðisbrota gegn börnum og í leiðinni vitundavakning um nauðsyn forvarna í þessum brotaflokk. Í íslensku samfélagi hefur undanfarin ár verið veittur stuðningur frá bæði Ríki og almenningi fyrir brotaþola en lítið sem ekkert verið hugað að gerendum. Anna Kristín Newton er ein þeirra sem hefur vakið athygli á lélegri þátttöku Ríkisins í að stuðla að forvörnum. Ekki aðeins hefur hún bent á takmarkaða aðstöðu og fjárhagslegan ókost meðferðar, heldur einnig nauðsyn sálfræðiaðstoðar innan veggja fangelsa. Í svona litlu samfélagi eins og Íslandi ætti ekki að vera erfitt að setja saman aðstöðu fyrir fólk sem hefur, eða mögulega gæti, brotið gegn barni. Hægt væri að hvetja menntastofnanir til að mennta fleiri sérfræðinga á þessu sviði sem og skera niður meðferðarkostnað fyrir fólk með barnagirnd. Sérfræðingar á Íslandi hafa fjallað um nauðsyn þess að stuðla að forvörnum en ekkert hefur verið gert í því. Með þessari ritgerð vil ég því í leiðinni hvetja fræðimenn til að huga að forvarnaverkefnum fyrir gerendum kynferðisbrota gegn börnum í von um að hægt sé að lækka hlutfall þolenda. Um er að ræða vandamál sem nær ekki einungis til gerenda og þolenda heldur til samfélagsins í heild.

Viðfangsefni þessara ritgerðar er talið gríðarlega viðkvæmt og margir kjósa að halda sér frá slíkri umfjöllun. Höfundur aftur á móti sér þörf á því að skoða þetta svið nánar með það að leiðarljósi að draga úr kynferðisbrotum gegn börnum. Ákveðnar hömlur mættu höfundi við gerð þessa ritgerðar sem takmarkaði upplýsingaöflun nokkuð. Ýmis rit og fræðigreinar voru ekki aðgengileg hvorki á bókasafni né rafrænt sem hefði mögulega gefið betri innsýn á efnið.

Auk þess hafði höfundur hvorki nægilega þekkingu né færni til að afla upplýsingum frá fyrstu hendi. Hefðu allir vegir verið færir hefði höfundur viljað skoða betur barnaníðinga stimpilinn út frá þeim sem bera stimpilinn. Að greina viðtöl úr þáttunum hjá Málinu gefur mögulega innsýn í huga þeirra sem haldin eru barnagirnd en er engan veginn hæft til rannsóknar. Höfundur væri í framhaldi til að gera eigindlega rannsókn á fólki sem dæmt hefur fyrir barnaníð þar sem einblínt er á mat þeirra dæmdu á eigin dómi og stimpli. Markmið rannsóknarinnar væri meðal annars að athuga hvort þátttakendur hefðu reynt að leita sér aðstoðar áður en brot var framið og hver ástæðan hafi verið ef svo var gert eða ekki gert. Fræðimenn segja að menn sem brotið hafa á barni hafa líklega sjálfir orðið fyrir kynferðislegri misnotkun og ættu þeir þar af leiðandi að vita andlegu áhrif slíks áfalls. Áhugavert væri að skoða hvort upplifunin hafi virkað á gerenda sem hvöt eða hömlur þegar að broti var komið. Auk þess væri fræðilegt að skoða hvort gerendur hafi sömu fordóma og skoðun um brotaflokkinn og ríkir í samfélaginu. Að lokum væri höfundur til að komast til botns í hvers vegna ítrekunartíðni í brotaflokki kynferðisbrota gagnvart börnum er svona gríðarlega lá. Þessi nálgun er þó aðeins ein af mörgum sem höfundur hefði áhuga á að skoða, en það er efni í aðra ritgerð.

Heimildaskrá

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

American Psychiatric Association. (2013). Diagnostic and statistical manual of mental disorders (5. útgáfa). Washington, DC: Author.

Anna K. Newton og Þórarinn V. Hjaltason. (2011). Umfang kynferðisbrota gegn börnum: Mat á gerendum og meðferð. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 529-546). Reykjavík: Háskólaútgáfan

Arnhildur Hálfhánsdóttir. (2015, 27. júlí). Meðferð vegna barnagirndar hættir um áramót. *Rúv*. Sótt 2. október 2016 af <http://www.ruv.is/frett/medferd-vegna-barnagirndar-haettum-aramot>

Ársæll M. Arnarsson, Kristín H. Gísladóttir og Stefán H. Jónsson. (2016). Algengi kynferðislegra áreitni og ofbeldis gegn íslenskum unglingum. *Læknablaðið*, 102(6), 289-295. doi:10.17992/lbl.2016.06.87

Becker, H. (1963). *Outsiders: Studies in the sociology of deviance*. NY: Free Press

Blanchard, R., Lykins, A. D., Wherrett, D., Kuban, M. E., Cantor, J. M., Black, T. o.fl. (2009). Pedophilia, Hebephilia, and the DSM-V. *Archives of Sexual Behaviour*, 38(3), 335-350. Sótt af <http://link.springer.com/article/10.1007/s10508-008-9399-9>

Bryndís B. Ásgeirsdóttir. (2011). Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sem áhættuþáttur tilfinninga- og hegðunarvandamála: Rannsókn meðal framhaldskólanema á Íslandi. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 269-295). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Fast, E. D. (2010). Pedophilia and sexual offending against children: Theory, assessment and intervention by Micheal C. Seto, PhD, 2007. *Children and Youth Services Review*, 32(2), 306-307. Sótt af <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0190740909002242>

Goffman, E. (1963). *Stigma: Notes on the management of a spoiled identity*. Englewood Cliffs, NJ: Prentice Hall.

Goode, E. (2011). *Deviant Behavior* (9. útgáfa). Upper Saddle River: Prentice Hall.

- Green, R. (2002). Is pedophilia a mental disorder? *Archives of Sexual Behavior*, 31(6), 467-471. doi:10.1023/A:1020699013309
- Hagstofa Íslands. (2016a) *Skólasókn á framhaldsskólastigi eftir kyni, aldri og landsvæðum 1999-2014*. Sótt 3. nóvember 2016 af <http://px.hagstofa.is/pxis/sq/3f8f1306-7e94-435c-9eda-010d1517e414>
- Hagstofa Íslands. (2016b). *Nemendur í grunnskólum eftir kyni og landsvæðum 1997-2015*. Sótt 3. nóvember 2016 af <http://px.hagstofa.is/pxis/sq/0ad5bff6-238f-4de6-af68-e0c285f5f8e0>
- Hall, R. C. W. og Hall, R. C. W. (2007). A profile of pedophilia: Definition, characteristics of offenders, recidivism, treatment outcomes, and forensic issues. *Mayo Clinic Proceedings*, 82(4), 457-71. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/216873400?accountid=28822>
- Helgi Gunnlaugsson. (2008). *Afbrot á Íslandi: Greinasafn í afbrotufræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helgi Gunnlaugsson. (2011). Afstaða Íslendinga til kynferðisbrota. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 491-507). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hrefna Friðriksdóttir og Anni G. Haugen. (2014). *Kynferðisofbeldi gegn börnum: málsmeðferð réttarkerfisins og réttarvernd barna*. Reykjavík. Bókaútgáfan Codex.
- Imhoff, R. (2015). Punitive Attitudes Against Pedophiles or Persons With Sexual Interest in Children: Does the label matter? *Archives of Sexual Behavior*, 44(1), 35-44. doi:10.1007/s10508-014-0439-3
- Íslensk orðabók*. (e.d.). Sótt af <http://snara.is>
- Jahnke, S., Imhoff, R. og Hoyer, J. (2014). Stigmatization of People with pedophilia: Two Comparative Surveys. *Archives of Sexual Behavior*, 44(1), 21-34. doi:10.1007/s10508-014-0312-4
- Janssen, D. F. (2015). Chronophilia: Entries of Erotic Age Preference into Descriptive Psychopathology. *Medical History*, 59(4), 575–598. Sótt af <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC4595948/>

- Jón Gunnar Bernburg. (2005). Aðstæðubundin brennimerking og brothætt sjálfsmýnd: Nokkur grunduð hugtök um reynslu brotamanna af stimplun. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum IV*. (bls. 111 - 122). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Gunnar Bernburg, (2009a). Labeling theory and secondary deviance. Í Copes, John,H. & Topalli, Volcan (ritstjórar), *Criminological Theory: Readings and Retrospectives*. (bls. 340-350). McGraw – Hill.
- Jón Gunnar Bernburg. (2009b). Labeling Theory. *Handbook on Crime and Deviance*. doi: 10.1007/978-1-4419-0245-0_10.
- Kristján I. Kristjánsson. (2011). *Viðhorf til dæmdra barnaníðinga. Barnagirnd*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/8118>
- Lanning, K. V. (2010). *Child molesters: A behavioral analysis for professionals investigating the sexual exploitation of children*. National Center for Missing & Exploited Children with Office of Juvenile Justice and Delinquency Prevention. Sótt af http://www.missingkids.com/en_US/publications/NC70.pdf
- Lemert, E. (1951). *Social Pathology: A Systematic Approach to the Theory of Sociopathic Behaviour*. New York: McGraw – Hill book Company, INC.
- McCarthy, C. (2004). *Love, Sex and Marriage in the Middle Ages: A source Book*. New York: Routledge.
- Oddur Malmberg. (2007). *Spurðu frekar hvenær ég kem aftur: Rannsókn meðal síbrotamanna í Fangelsinu á Litla-Hrauni*. Óbirt MA-Ritgerð: Háskóli Íslands.
- Ólafur Ö. Bragason. (2011). Sálfræðilegt mat og meðferð ungra gerenda kynferðisbrota. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 509-528). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ríkislögreglustjórinn. (2014). *Afbrotatölfræði: Grunaðir/kærðir 2011-2012*. Reykjavík: Höfundur.
- Schram, P. og Tibbetts, S. (2014). *Introduction to criminology*. London: Sage Publications.

- Shaefer, A. G., Mundt, I. A., Feelgood, S., Hupp, E., Neutze J., Ahlers, C. J. o.fl. (2010). Potential and Dunkelfeld offenders: Two neglected target groups for prevention of child sexual abuse. *Internatoinal Journal of Law and Psychiatry*, 33(3), 154-163. Sótt af <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0160252710000191>
- Studer, L. H. og Aylwin, A. S. (2006). Pedophilia: The problem with diagnosis and limitations of CBT in treatment. *Medical Hypothesis*, 67(4), 774-781. Sótt af <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S030698770600292>
- Sölvi Tryggvason (höfundur) og Daníel Bjarnason (leikstjóri). (2013). Barnaníð [sjónvarpsþáttur]. Í Daníel Bjarnason (framleiðandi), *Málið*. Reykjavík: Majestic Productions
- Tannenbaum, F. (1938). *Crime and the community*. Boston: Ginn and Company.
- Thomas, T. (2000). *Sex Crime: Sex Offending and Society*. Cullompton: Willan PUBLISHING.